

Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda

Austurstræti 18, Pósthólf 1716, 121 Reykjavík, - Sími 91 623530 - Fax 91 623158

Alþingi

Erindi nr. *P/112 1648*

komudagur *14/13 1990*

SJÁVARÚTVEGSNEFNDIR ALÞINGIS
1990.

14. maí

MINNISBLAÐ UM SÉRSTÖÐU RÆKJUVINNSLUNNAR Í LANDINU OG
RÖKSEMDIR FÉLAGSINS FYRIR VINNSLUKVÓTA Á ÚTHAFSRÆKJU.

NOKKRAR STAÐREYNDIR RÆKJUVEIÐA OG VINNSLU ERU SEM HÉR
SEGIR:

1. Miðað við núverandi veiðiheimildir á rækju má gera ráð fyrir að til skelflettingar og frystingar í vinnslustöðvum í landi komi í ár um 22.000 tonn, þar af 17.000 tonn af djúpmiðum. (6000 tonn verði flutt heilfryst á markað).
2. Ætla má að framleiðsla vinnslustöðvanna verði úr þessu magni að verðmæti rúmlega 3 milljarðar króna á núverandi verðlagi.
3. Þessi framleiðsla er nú unnin af milli 25-30 verksmiðjum, sem flestar liggja vel við miðum, en veiðikvóta á úthafsrækju hafa 245 bátar og skip, þar af hafa 25 þeirra innan við 10 tonna kvóta og rúmlega 90 innan við 50 tonna kvóta.
4. ENGAR STÖKKBREYTINGAR ERU VENTANLEGAR Á HEILDARVEIÐUM OG VINNSLU RÆKJU Í NÆSTU FRAMTÍÐ. Helst er að búast við auknum veiðiheimildum smám saman og ef til vill aukningu á útflutningi heilfrystrar stórrækju. ÞAÐ ÞÝÐIR AÐ ÞÖRF VERÐUR Á FREMUR STÖÐUGRI FRAMLEIÐSLU SKELFLETTRAR FYRSTRAR RÆKJU Í VERKSMIÐJUNUM NÆSTU ÁR.

RÖKSEMDIR FÉLAGSINS FYRIR BREYTINGU Á ÚTHLUTUN VEIÐIKVÓTA
BÆÐI TIL SKIPA OG VINNSLUSTÖÐVA ERU ÞESSAR:

1. Hagkvæmni þarf að ná bæði í veiðum og vinnslu með fækkun skipa og með því að sporna við fjölgun vinnslustöðva.
2. Aðeins um 33% af veiðikvóta úthafsrækju er nú í höndum útgerða skipa, sem eru í einhverjum eignarhaldstengslum við vinnslustöðvarnar. Þessu er á allt annan veg farið í botnfiskveiðum og vinnslu. Þar eru sambærileg tengsl talin um 80%. SÉRSTÖK ÁSTÆÐA ER ÞVÍ TIL ÞESS AÐ AUKA TENGL TENGSL VEIÐA OG VINNSLU Í RÆKJUFRAMLEIÐSLU MEÐ ÞAÐ FYRIR AUGUM AÐ NÁ HÁMARKS HAGKVÆMNI ÞESSARAR FRAMLEIÐSLU OG AUKA Á STÖÐUGLEIKA HENNAR.
3. Vinnslustöðvarnar hafa átt mikinn þátt í því að tekið var að stunda úthafsrækjuveiðar með leigu skipa og frumkvæði, sem leiddi til þess að nýta þessa auðlind fyrr og betur en annars hefði orðið.

Félag rækju- og hörpuðiskframleiðenda

Austurstræti 18, Pósthólf 1716, 121 Reykjavík, - Sími 91 623530 - Fax 91 623158

SJÁVARÚTVEGSNEFNDIR ALÞINGIS
1990.

14.mars

MINNISBLAÐ UM REYNSLU AF KVÓTAKERFI Á ÚTHAFSRÆKJU.

RÆKJUKVÓTI VAR VEITTUR TIL 245 SKIPA OG BÁTNA ÁRIÐ 1989 OG FENGU YFIR 90 ÞEIRRA MINNA EN 50 TONN Í SINN HLUT.

Mun meiri sala (tilfærsla) hefur átt sér stað á rækjuveiðikvótum en gerist í botnfiskveiðum. Í því sambandi má minna á að félagið hefur bent á að forsendur kvótaúthlutunar myndu leiða til þessa og þar með óhagræðis fyrir bæði þá sem veiða og vinna þennan afla.

Þessi mikla sala á rækjukvóta kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

ÚTHAFSRÆKKJUKVÓTI 1989 TONN

	KAUP	SALA	ÚTHLUTAÐ	SALA %
1. LOÐNUSKIP	3.014	3.628	6.056	59.9%
2. SÉRVEIÐISKIP	209	1.262	4.756	12.6%
3. ÖNNUR VEIÐISKIP	8.108	6.429	11.144	57.7%
SAMTALS:	11.320	11.320	21.956	54.4%
SALA RÆKJUKVÓTA MILLI BYGGÐARLAGA 34.4%)			(7.553	

SAMANBURÐUR VIÐ SÖLU Á

ÞORSKKVÓTA

Í % AF HEILDARAFLAMARKI ÁRIÐ

1989:

SALA Á <u>ÞORSKKVÓTA</u> MILLI ÚTGERÐARADILA	17.4%
SALA Á <u>RÆKJUKVÓTA</u> MILLI ÚTGERÐARADILA	44.0%

Félagið hefur talið aðalástæðurnar fyrir þessari sérstöku þörf á viðskiptum með rækjukvótann að ekki hafi verið nægilega tekið tillit til fyrri veiðireynslu við úthlutun hans.

Þetta á t.d. við um loðnuflotann sem fékk þriðjung úthafsrækjukvóta 1988 án þess að tekið væri mið af veiðireynslu þeirra skipa á rækju nema að litlu leyti.